

Þriðjudaginn 4. júní 1940.

Nr. 22/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Jóns Eiríkssonar

gegn

Sveinafélagi múrara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. f. á. Í októbermánuði f. á. var ákveðið að skipta flutningi máls þessa, og voru þrjár fyrstu stefnukröfurnar teknar til meðferðar þá og kveðinn upp dómur um þær 13. okt. f. á. Var í þeim dómi ákveðið, að málskostnaður, að því er þann hluta málsins varðaði, skyldi falla niður. Auk þeirra krafna, er dæmdar voru 13. okt. f. á., hafði stefnandi gert þær kröfur í stefnu, að honum yrði dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda og stefndi dæmdur í sekt fyrir sammingsrof. Í nóvembermánuði f. á. féll stefnandi frá skaðabótakröfu sinni, og við flutning máls þessa hér fyrir rétti 28. maí s. l. féll hann frá sektakröfu sinni með skirskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið af félagsdómi með dómi í málinu nr. 26/1939. Hins vegar krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda. Stefndi krafðist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Þar sem máli þessu er svo háttað sem að framan greinir, þykir eftir atvikum mega láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 11. júní 1940.

Nr. 14/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Diðriks Helgasonar

gegn

Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur.

Múrarameistari ekki talin hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki sjálfur með sveinum sínum. Stéttarfélag

dæmt til að greiða skaðabætur vegna óréttmæts stuðnings við meðlimi sína er þeir lögðu niður vinnu hjá stefnanda.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Diðriks Helgasonar, múrarameistara hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ. Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 53.)
... Diðrik Helgason 18. júlí ... sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1.—3. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)

Þá krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði hann og þá kröfu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir sammingsrof, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

Um 2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Um 3. Skaðabótakröfu ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939)
... með í ráðum þar um.

Koma þá til athugunar afskipti sveinanna og sveinafélagsins af stefnanda þessa máls.

Þegar stefnandi gerði framangreindan samning við sveinafélagið, hafði hann sem múrarameistari eftirlit með múrvinnu við 3 hús, sem voru í byggingu hér í bænum. Hafði hann skrifað upp á teikningar húsanna. En auk eftirlitsins skyldi hann vinna við húsin og fá fyrir það kaup múrarameistara. Þegar hann ætlaði sjálfur að hefja vinnu eftir 18. júlí kveður hann, að sveinarnir hafi neitað að vinna hjá honum, ef hann ynni sjálfur. Og hinn 24. s. m. gefa 5 sveinar honum skriflega yfirlýsingu þess efnis, að þeir muni leggja niður vinnu, ef hann fari að vinna, og sé þetta fyrirskipun stjórnar múrarasveinafélagsins. Við vitnaleiðslur í málinu neituðu þeir hins vegar, að stjórn sveinafélagsins hefði lagt fyrir þá, að þeir settu það skilyrði fyrir vinnu sinni hjá stefnanda, að hann ynni ekki sjálfur, heldur hefðu þeir þar

farið eftir framangreindri fundarsamþykkt. Stefnandi hefir aftur á móti haldið því fram, að stjórn sveinafélagsins hafi verið með í ráðum og hvatt sveinana til þess að setja greind skilyrði fyrir vinnu sinni hjá stefnanda. Þessu hefir stefndi neitað.

Þegar litið er til framkomu stjórnar sveinafélagsins gagnvart öðrum múrarameisturum um þessar mundir, sem gert höfðu samning við félagið, kemur í ljós, samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu, að hún hefir beinlínis stöðvað vinnu hjá Þorkeli Ingibergssyni, vegna þess að hann vann sjálfur, svo sem nánar er lýst í málinu nr. 26/1939. Upplýst má telja, að hún hefir nokkru síðar, eða a. m. k. formaður hennar, tjáð 3 sveinum, að þeim væri ekki gerlegt að vinna hjá Haraldi Sigurðssyni, múrarameistara, vegna þess að hann væri í „sveinabanni“, og í samtali, er Haraldur átti þá við hann, sagði formaðurinn, að það væri „stríð“ milli sveinafélagsins og múrarameistaranna og yrði það að hitna á Haraldi sem öðrum múrarameisturum, og hefir ekki verið upplýst, að annað lægi þar til grundvallar en það, að hann hefði unnið sjálfur. Að því er snertir framkomu sveinafélagsins og forráðamanna þess, eftir að skorið var úr um rétt meistaranna til að vinna sjálfir, með dómi þessa réttar 13. október f. á., og sem nánar er lýst í dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939 (mál Þorkels Ingibergssonar), verður hún ekki skilin á annan veg, en sem beint áframhald af hálfu stefnda í viðleitni þess að knýja meistarana til þess að vinna ekki. Loks má geta þess, að í febrúar þ. á. gerir þáverandi formaður sveinafélagsins tilraun til þess að fá sveinana til þess að leggja niður vinnu hjá einum múrarameistara, sem vann sjálfur, og er tveir af sveinunum neita því, er þeim gert að greiða sekt til sveinafélagsins fyrir þá afstöðu sína. Að framangreindu athuguðu og því, að stjórn sveinafélagsins virðist ekki á neinn hátt hafa vakið athygli meðlima sinna á því, að framangreind samþykkt væri ósamrímamleg samningi félagsins við stefndanda, ef henni væri beitt þannig, að hún takmarkaði rétt hans sjálfs til vinnu, né heldur tilkynnt meðlimum félagsins innihald hans, verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að það hafi verið með vilja og fullu samþykki sveinafélagsstjórnarinnar, að sveinarnir settu greint skilyrði fyrir vinnu sinni hjá honum. Og með því að slíkur stuðningur af hálfu sveinafélagsins var óréttmætur,

verður að leggja á það ábyrgð af tjóni, er stefnandi kann að hafa beðið sökum þess, að honum var þannig bægt frá vinnu. Þess skal getið, að ekki verður talið, að samningar, er sveinafélagið gerði um þessar mundir við eigendur þeirra húsa, sem stefnandi hafði eftirlit með og ætlaði að vinna við, hafi á neinn hátt áhrif á afstöðu aðilja máls þessa, en því hefir stefndi viljað halda fram í málinu.

Vegna framangreindra aðgerða sveinanna og sveinafélagsins kveðst stefnandi hafa orðið að leggja niður vinnu og þannig misst af vinnu við framangreind 3 hús frá því 19. júlí f. á. og til þess er þau voru fullgerð. Miðar hann bótakröfu sína við tímabilið frá 19. júlí til 31. des. f. á. Telur hann 130 vinnudaga á tímabili þessu, og miðað við 25 króna kaup á dag, sem sé kaup múrarameistara, hefði hann getað unnið sér inn þennan tíma kr. 3250.00. Nú hafi hann vegna aðgerða stefnda aðeins getað unnið sér inn kr. 638.75, og gerir hann samkvæmt því kröfu til bóta að upphæð kr. 2611.25. Byggingu framangreindra húsa mun hafa verið lokið í október og nóvember. Með því að telja verður, að færðar hafi verið nægilegar líkur fyrir því, að stefnandi hafi, vegna framangreindra aðgerða stefnda, misst af vinnu, sem hann ella hefði haft, og þannig orðið fyrir fjártjóni, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 1200.00.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 250.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Diðrik Helgasyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings.

Stefndi, Sveinafélag múrara í Reykjavík, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Diðriks Helgasonar, kr. 1200.00 og kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.